

Fátækt barna

Staða fátækra barna og afleiðingar fátæktar í
barnæsku

Unnur Jóna Stefánsdóttir

Hug- og félagsvísindasvið

Lokaverkefni til
BA gráðu í félagsvísindum

Félagsvísindadeild

Maí 2024

Fátækt barna

Staða fátækra barna og afleiðingar fátæktar í
barnæsku

Unnur Jóna Stefánsdóttir

12 eininga lokaverkefni
sem er hluti af
Baccalaureus Artium-prófi í félagsvísindum

Leiðsögukenndari
Berglind Hólm Ragnarsdóttir

Félagsvísindadeild
Hug-og félagsvísindasvið
Háskólinn á Akureyri
Akureyri, 10. maí 2024

Titill: Fátækt barna

Stuttur titill: Staða fátækra barna og afleiðingar fátæktar í barnæsku

12 eininga bakkalárprófsverkefni sem er hluti af Baccalaureus Artium-prófi í félagsvísindum.

Höfundarréttur © 2024 Unnur Jóna Stefánsdóttir

Öll réttindi áskilin

félagsvísindadeild
Hug- og félagsvísindasvið
Háskólinn á Akureyri
Sólborg, Norðurslóð 2
600 Akureyri

Sími: 460 8000

Skráningarupplýsingar:

Unnur Jóna Stefánsdóttir, 2024, bakkalárprófsverkefni, félagsvísindadeild, hug- og félagsvísindasvið, Háskólinn á Akureyri, 24 bls.

Akureyri, maí 2024

Ágrip

Eftirfarandi heimildaritgerð fjallar um fátækt barna. Munur er á fátækt og barnafátækt, þar sem börn eru viðkvæmur hópur einstaklinga sem ekki hafa vald á sinni eigin efnahagslegu stöðu. Fyrir barn að lifa í fátækt kemur í veg fyrir að það fái sömu tækifæri og önnur börn til að þroskast og dafna, sem er samkvæmt Barnasáttmálanum brot á mannréttindum barna. Alls konar rannsóknir eru til um barnafátækt og afleiðingar hennar, og lítur út fyrir það að rannsóknir varðandi fátækt barna fari vaxandi með árunum. Niðurstöður rannsókna sem notast er við í ritgerðinni sýna fram á að afleiðingar barnafátæktar séu neikvæðar fyrir börn, bæði fyrir barnæsku þeirra, fyrir framtíðarstöðu þeirra og heilsu. Fræðimenn eru flestir sammála því að fjárhagur barna hefur mikið að segja um tækifæri þeirra og líðan. Til eru íslenskar rannsóknir um barnafátækt en þó vantar að rannsaka meira langvarandi afleiðingar fátæktar á börn. Vegna þess var oftast notast við erlendar rannsóknir þegar kom að því að fjalla um langvarandi afleiðingar fátæktar þar sem margar erlendar rannsóknir eru til um langvarandi afleiðingar barnafátæktar.

Abstract

This documentary essay discusses child poverty. Poverty is not the same as child poverty, its different as children have no control over their own economic status. A child who lives in poverty does not have the same opportunities, and the chance to grow and thrive as other children. This is a violation of the child rights according to the Convention on the Rights of the Child. There are many studies that have been done on child poverty and its effects, and it looks like the number of research on children's poverty and its effects are on the rise. The studies that were used in this essay show that child poverty has bad consequences on children's health, childhood, and future. studies have been done on Childs poverty in Iceland, but there is more need for further research on the effects poverty has on children, same goes for when it comes to studies about the long term effects of child's poverty, therefore foreign studies were mostly used in this esay when dissgusing the effects and the long terms effects of childpoverty.

Formáli

Þessi ritgerð er 12 eininga verkefni til B.A. prófs í félagsvísindum við Háskólann á Akureyri árið 2024. Ég vil þakka leiðbeinanda mínum, Berglindi Hólm Ragnarsdóttur, fyrir góða leiðsögn. Einnig vil ég þakka mínu nánasta fólki fyrir hvatninguna og þolinmæðina meðan á skrifunum stóð.

Efnisyfirlit

INNGANGUR	1
1 SKILGREININGAR OG MÆLINGAR	2
1.1 ALGILD FÁTÆKTARMÖRK.....	2
1.2 AFSTÆÐ FÁTÆKTARMÖRK.....	3
1.3 SKORTUR AF EFNAHGASLEGUM GÆÐUM OG FÉLAGSLEG EINANGRUN.....	4
2 RÉTTUR BARNNA	5
3 FÁTÆKT BARNNA Á NORÐURLÖNDUM	6
3.1 BARNABÓTAKERFIÐ Á NORÐURLÖNDUM.....	7
4 FÁTÆKT Á ÍSLANDI	8
4.1 BARNAFÁTÆKT Á ÍSLANDI.....	9
5 ÁHRIF FÁTÆKTAR Á BÖRN	11
5.1 ANDLEG HEILSA FÁTÆKRA BARNNA.....	13
5.2 LÍKAMLEG HEILSA FÁTÆKRA BARNNA.....	15
5.3 FÁTÆK BÖRN OG TÓMSTUNDIR.....	17
5.4 FÁTÆK BÖRN Í SKÓLAKERFINU.....	18
5.5 LANGTÍMA AFLEIÐINGAR FÁTÆKTAR.....	20
LOKAORÐ	21
HEIMILDARSKRÁ	23

Inngangur

Mikilvægt er að ræða afleiðingar fátæktar, því fátækt getur haft áhrif á alls konar þætti í lífi fólks. Fátækt getur haft áhrif allt frá aðgangi að vörum sem eru okkur nauðsynlegar til að lifa af, heilsu okkar og réttindi. Þó að fátækt spyr ekki um aldur og hefur áhrif á hvaða hóp sem er þá eru börn sem búa í fátækt sá hópur einstaklinga sem fær sem mest sýnileika þegar það kemur að fátækt. Ein ástæða þess er að börn hafa enga stjórn yfir sinni fjárhagstöðu, staða þeirra fjárhagslega er byggð á afkomu forráðamanna þeirra og neyðast þau til að stóla á foreldra sína eða nærumhverfið sitt þegar það kemur að þörfum sínum, og hafa börn því ekki getu til bæta stöðu sína fjárhagslega ef þess er þörf. Börn hafa ekki getu til að hafa áhrif á pólitík í samfélaginu sínu, og geta því ekki gert neitt til að bæta hagsmuni sína. Rannsóknir hafa sýnt fram á það ef ekki er tekið til handanna og börnum hlíft við fátækt getur fátækt haft slæmar afleiðingar á líf þeirra (Kolbeinn Stefánsson, 2019).

Markmið ritgerðarinnar er að fjalla um fátækt barna og hvaða mögulegar afleiðingar barnafátækt getur haft fyrir börn. Spurningar ritgerðarinnar eru: Er barnafátækt brot á mannréttindum barna og hversu umfangsmikil er barnafátækt á Íslandi og á hinum Norðurlöndum? Hvað er reynt að gera til að koma í veg fyrir barnafátækt? Hvaða áhrif hefur barnafátækt á börn og heilsu þeirra? Geta afleiðingar barnafátæktar verið langvarandi?

Ritgerðinni er skipt í 5 kafla. Í fyrsta kaflanum er fjallað um fátækt almennt, hugtakið skilgreint og mismunandi mælingar á fátækt útskýrðar. Í kafla tvö er fjallað um rétt barna og hvort mögulega sé verið að brjóta á rétti barna sem koma frá fátækum heimilum. Í kafla 3 er fjallað um stöðu fátækra barna á Norðurlöndunum, ásamt barnabótakerfinu á Norðurlöndum. Í kafla 4 er fjallað um stöðu fátæktar á Íslandi og einnig stöðu barnafátæktar á Íslandi. Í 5 kafla er fjallað um áhrif fátæktar á börn og hvort um sé að ræða langvarandi afleiðingar.

1 Skilgreiningar og mælingar

Fátækt hefur alltaf verið til en fræðimenn rannsaka hana sífellt meira eftir því sem árin líða (Guðný Björk Eydal, 2006). Eitt sinn var hugtakið fátækt einfalt. Þeir sem voru taldir ósjálfbjarga fjárhagslega voru taldir fátækir (Már Jónsson, 2012). Í dag á hugtakið fátækt sér langa sögu og hefur verið rannsökuð af ýmsum fræðimönnum. Hugtakið fátækt á sér núna fleiri en eina skilgreiningu og fátækt er mæld á mismunandi hátt. Í öllum tilvikum er þó verið að skilgreina skort fólks. Þegar fátækt er mæld í dag, eru oft notaðar tvær skilgreiningar, algild fátæktarmörk og afstæð fátæktarmörk (Guðný Björk Eydal, 2006). Það eru þær skilgreiningar sem við munum fást við í þessari ritgerð.

1.1 Algild fátæktarmörk (Absolute poverty line)

Eins og fram kemur á skilgreiningin á hugtakinu fátækt sér langa sögu, eða rúmlega hundrað ár. Breski fræðimaðurinn. Seebhom Rowntree var fyrstur til að koma með skilgreiningu á hugtakinu fátækt. Árið 1899 rannsakaði Rowntree hversu margir börðust við fátækt í bænum York í Englandi og til þess að greina fátæktina bjó hann til hugtakið algild fátæktarmörk, „Absolute poverty line” (Guðný Björk Eydal, 2006).

Fólk sem býr undir algildum fátæktarmörkum skortir virkilega efnahagsleg gæði og hefur ekki nægar tekjur til að veita sér eða fjölskyldu sinni nauðsynjavörur til að lifa af í samfélaginu sínu; svo sem ásættanlegt húsnæði, klæðnað og mat. Samkvæmt þessari skilgreiningu þá þarf einstaklingur að þéna ákveðna upphæð sem er talin nauðsynleg til að lifa af í samfélaginu sem hann tilheyrir. Ef einstaklingurinn þénar ekki þessa upphæð er hann talinn fátækur.

Samkvæmt þessari skilgreiningu á fátækt er manneskja ekki fátæk ef hún nær að veita sér og fjölskyldu sinni grunnþarfir til þess að lifa af. Skilgreiningin tekur því ekki tillit til þess hver lífskjör fólks eru í samanburði við lífskjör annarra í samfélaginu, og er því um að ræða þrönga skilgreiningu á hugtakinu fátækt. Skilgreiningin tekur jafnframt ekki tillit til þess að lífsgæði eru mismunandi eftir samfélögum. Það sem er talið vera fátækur á Íslandi er ekki skilgreint á sama hátt og að vera fátækur í Indlandi. Eins er hægt að segja um skilgreiningu á fátækt á

Íslandi nú á dögum og fátækt á Íslandi fyrir 200 árum, það skiptir máli að horfa til stöðu einstaklings og bera hana saman við stöðu meirihluta fólks í sama samfélagi, eining þarf að horfa til stöðu mismunandi samfélaga (Þingskjal nr. 1337/1996-1997. Skýrsla forsætisráðherra).

1.2 Afstæð fátæktarmörk (Relative poverty)

Þó að hugtakið algild fátæktarmörk sé enn þá í notkun, nota rannsakendur oft skilgreininguna afstæð fátæktarmörk (e. relative poverty) þegar fátækt er mæld á Vesturlöndum. Ólíkt hugtakinu algild fátæktarmörk, taka afstæð fátæktarmörk tillit til umhverfis og aðstæðna einstaklinga (Guðný Björk Eydal, 2006). Skilgreiningin heldur því fram að fólk þurfi meira en nauðsynjavörur eins og mat og klæðnað til að vera partur af samfélaginu, heldur þurfa einstaklingar að geta notið gæða sem þykja sjálfsögð í þeirra samfélagi, og sá hópur sem hefur ekki efni á að njóta þessara gæða er talin fátækur. Afstæð fátæktarmörk miðast við hlutfall af tekjum ákveðins viðmiðunarhóps í þeirra samfélagi. Á Íslandi er miðað við 60% af miðgildi fátæktarmörkum (Stjórnaráðið, 2023). Ef fólk eru undir þessu falli er það undir látekjumörkum og eru því í hættu að búa við fátækt (at risk at poverty). Afstæð fátækt snýst sem sagt ekki um skort í algildum skilningi heldur um það að geta ekki haldið við neysluvenjur samfélagsins (Anton Örn Karlsson og Kolbeinn Stefánsson, 2016).

Fólk sem býr við afstæða fátækt hefur yfirleitt aðgang að nauðsynjavörum til að lifa af, svo sem húsnæði, klæðnaði og mat, en þarf oft að neita sér og fjölskyldu sinni um ýmsar vörur og athafnir sem meðalmanneskju í sama samfélagi finnst sjálfsagt að hafa aðgang að. (Anton Karlsson og Kolbeinn Stefánsson, 2016). Skilgreining á afstæðri fátækt er auðvitað mismunandi eftir löndum og hagvexti þeirra (Habitat for humanity, e.d). Hér á landi geta einstaklingar sem búa við afstæða fátækt mögulega ekki veitt sér eitthvað af eftirfarandi; svo sem aðgang að ýmsum áhugamálum, árlegt vikufrí með fjölskyldu sinni, tannlæknaþjónustu, þvottavél, ýmsar matvörur og fleira (Kveikur, 2020). Fólk sem býr undir fátæktarmörkum er líklegra til að búa við efnahagslegan skort og búa við félagslega einangrun.

1.3 Skortur á efnislegum gæðum og félagsleg einangrun

Skortur á efnislegum gæðum er annars konar mæling á lífskjörum. Fólk sem er talið búa við skort á efnislegum gæðum býr á heimili þar sem að minnsta kosti þrennt af eftirfarandi á við: Heimilisfólk hefur lent í vanskilum með húsnæðislán eða önnur lán vegna fjárskorts á síðastliðnum tólf mánuðum, heimilisfólk hefur ekki efni á að fara árlega í vikulangt frí með fjölskyldunni, heimilisfólk hefur ekki efni á kjöti, fiski eða sambærilegri grænmetismáltíð að minnsta kosti annan hvern dag, heimilisfólk getur ekki mætt óvæntum útgjöldum, heimilisfólk hefur hvorki efni á heimasíma né farsíma, heimilisfólk hefur ekki efni á sjónvarpstæki, heimilisfólk hefur ekki efni á þvottavél, heimilisfólk hefur ekki efni á bíl, heimilisfólk hefur ekki efni á að halda húsnæði nægjanlega heitu (Hagstofa Íslands, 2022).

Þó að efnahagsleg þægindi séu mikilvæg, snýst fátækt ekki einungis um skort á efnahagslegum gæðum og eignum fólks. Það að búa í fátækt getur leitt til félagslegrar einangrunar og möguleika á að fá ekki að njóta sumra mannréttinda. Fátækt og félagsleg einangrun haldast oft í hendur þar sem skortur á fé hefur áhrif á getu fólks til að taka þátt í samfélaginu sínu. Það að vera hluti af samfélagi krefst yfirleitt einhvers konar kostnaðar. Fátækt getur haft slæm áhrif á líkamleg og félagsleg gæði fólks, komið í veg fyrir að það hafi tækifæri til að rækta hæfileika sína og getur komið í veg fyrir að fólk geti haft jákvæð áhrif á samfélagið sitt, svo sem stjórn mála (Mannréttindastofa Íslands, e.d.).

Börn eiga jafnt og fullorðnir einstaklingar að njóta mannréttinda. Fátækt er ein af helstu ástæðum þess að börn fái ekki notið fullra mannréttinda (Save the children, 2023). Fátækt á meðal barna getur einnig leitt til félagslegrar einangrunar og komið í veg fyrir að börn fái að sinna hæfileikum sínum og þroska þá, taka þátt í menningarlífi, fái jafn tækifæri til menntunar og til að njóta afslöppunar. Fátækt barna er ekki það sama og fátækt fullorðinna, þar sem börn hafa enga stjórn á efnahagslegri stöðu sinni. Þó að börn fá eitthvert fé í gegnum gjafir og með því að fá mögulega aðgang að atvinnu á unglingsaldri, þá er afkoma þeirra nánast undantekningalaust byggð á efnahagslegri stöðu foreldranna. Börn eru því viðkvæmur hópur sem hefur enga stjórn á sínum efnahagslegu gæðum. Samfélaginu ber því skylda til að tryggja að réttindi allra barna séu virt, burtséð frá efnahagslegri stöðu þeirra í samfélaginu. Margir samningar og stefnur hafa verið gerð til að vernda réttindi barna, þar á meðal Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna (UNICEF, e.d.).

2 Réttur barna

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna er samningur sem er undirritaður af löndum sem heita því að sjá til þess að í samfélagi þeirra séu börn og réttindi þeirra vernduð svo öll börn, burtséð frá efnahagslegri stöðu fjölskyldu þeirra, fái að þroskast og dafna á sem bestan hátt, og hafa því aukna möguleika á því að verða heilsteyptir fullorðnir einstaklingar í framtíðinni. Í Barnasáttmálanum koma fram öll réttindi barna og skyldur stjórnvalda til að sjá til þess að þau réttindi verði tryggð. Í sáttmálanum kemur meðal annars fram að börn skulu hafa jafnan rétt til menntunar, tómstunda, leik og menningar og aðgengi að góðri heilsuvernd og hvíld (Save the children, 2023).

Barnasáttmálinn var samþykktur á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna árið 1987. Samningurinn var undirritaður af hálfu Íslands 26. janúar árið 1990 og fullgiltur þann 28. október 1992. Samningurinn öðlaðist því gildi hér á Íslandi 27. nóvember 1992. Barnasáttmálinn var lögfestur á Alþingi 20. febrúar 2013 (Umboðsmaður barna, e.d.). Einn af mörgum hópum barna sem Barnasáttmálinn leggur áherslu á að passa upp á eru börn sem búa við fátækt. Í Barnasáttmálanum kemur fram að börn sem búa í fátækt fái að njóta sömu réttinda og önnur börn svo þau geta þroskast og dafnað sem best, og svo að þau geti síðar meir náð sér upp úr fátæktinni. Einnig kemur fram í sáttmálanum að öll börn skulu hafa aðgang að hollu og næringarríku mataræði, öruggu umhverfi til að lifa í, aðgengi að menntun og tómstundum, svo eitthvað sé nefnt. Hér fyrir neðan eru fjórar greinar sem eru útskýrðar í einföldu máli. Þessar greinar eru ætlaðar til þess að tryggja réttindi barna sem búa í fátækt.

Það eru fjórar greinar í Barnasáttmálanum sem standa upp úr þegar kemur að því að vernda réttindi barna. Samkvæmt þessum greinum skulu engum börnum vera mismunað vegna fjárhagstöðu sinnar. Í grein 2. kemur fram að öll börn skuli fá að njóta sömu réttinda, óháð stöðu þeirra eða foreldra þeirra í samfélaginu. Í grein 24. stendur að öll börn skuli fá að lifa öruggu og heilbrigðu lífi, fá alla þá lækniþjónustu sem þau þurfa, aðgang að hollum og næringarríkum mat og lifa í hreinu og öruggu umhverfi. Í grein 26. kemur fram að stjórnvöldum beri skylda til

að veita börnum fjárhagslegan stuðning, ef þess er þörf. Í grein 31. kemur svo fram að öll börn eigi rétt á slökun og að fá að taka þátt í menningarlega skapandi starfsemi (Lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013).

Mörg ríki heims hafa skrifað undir Barnasáttmálann, þar á meðal öll Norðurlöndin, þ.e. Noregur, Danmörk, Svíþjóð, Finnland og Ísland. (Save the children, 2023). Öll Norðurlöndin skrifuðu undir Barnasáttmálann á sama tíma, eða 26. janúar 1990 en hann varð hann fyrst fullgildur í Svíþjóð, 29. júní 1990. Hann var síðastur til að verða fullgildur á Íslandi. Þar varð hann fullgildur 28. október, 1992, eins og áður hefur komið fram (Umboðsmaður barna, e.d.).

3 Fátækt barna á Norðurlöndum

Norðurlöndin eru meðal ríkustu og jafnréttissinnuðustu löndum heimsins (Norrænt samstarf. e.d.). Mikil áhersla er lögð á mannréttindi minnihlutahópa, svo sem réttindi kvenna og samkynhneigðra (Norrænt samstarf, 2022), og auðvitað barna. Norðurlöndin hafa lagt vinnu í það að bjóða upp á gott velferðarkerfi. Það er þeim hjartans mál að jafna þurfi stöðu fólks, tryggja réttindi fólks til að fá sömu tækifæri og aðrir, rétt á góðri heilsu og menntun (Norrænt samstarf. e.d.) og eru börn sem búa við fátækt auðvitað hluti af þeim hópi. Þegar talað er um prósentuhlutfall barna sem eiga í hættu á að alast upp í afstæðri fátækt og félagslegri einangrun er um að ræða rúmlega 11% barna í Noregi, 12% í Finnlandi, 5% barna í Danmörku, 19% í Svíþjóð og 13,1% barna á Íslandi. Um er að ræða 719.500 börn á Norðurlöndunum sem búa á heimilum sem eru undir lágtekjumörkum (e. at risk of poverty), og búa því við afstæða fátækt. Hafa þarf í huga að Norðurlöndin mæla fátækt í landi sínu með mismunandi hætti. Sem dæmi má nefna að í Danmörku miðast mælingar við 50% af meðaltekjum, á meðan hin Norðurlöndin miða við 60% af meðaltekjum.

Efnahagsleg staða barna er byggð á efnahagslegri stöðu forráðamanna þeirra. Þau börn sem eru í mestri hættu á að búa við fátækt, eru börn sem búa á heimilum þar sem lítið er á milli handanna; svo sem hjá einstæðum foreldrum,

barnmörgum fjölskyldum, á heimili þar sem börn eru undir þriggja ára aldri, þar sem veikindi eru eða þegar um fatlaða einstaklinga er að ræða. Enn fremur eru börn með erlendan bakgrunn, t.d börn sem eiga erlenda foreldra eða fæddust erlendis, börn sem eiga foreldra sem stunda nám, eru atvinnulausir, vinna lágtekjustörf eða hlutastarf, í aukinni hættu að búa við fátækt. Einnig eru börn sem búa í leiguhúsnæði eða á félagslega bágstöddum svæðum líklegri til að búa við fátækt. (Save the children, 2023). Fjölskyldur sem búa við þessar aðstæður eru líklegri til að búa við lægri kjör eða/og búa við mikinn aukakostnað.

Þrátt fyrir það að Norðurlöndin séu talin með ríkustu löndum heims, og leggi á sama tíma mikla áherslu á jafnrétti íbúa sinna, varð aukning á tekjumun barnafjölskyldna og fátækt barna jókst á öllum Norðurlöndunum nema á Íslandi á árunum 2015-2021. Þá jókst barnafátækt á Íslandi árið 2022. Í Finnlandi hækkaði hlutfallið einungis um 0,1% og í Noregi varð 1,3% aukning á barnafátækt á þessum fimm árum. Árið 2019 og 2021 var hlutfallið komið í 11,7% en lækkaði árið 2021 vegna þess að barnabætur hækkuðu. Í Danmörku fór hlutfall fátækra barna úr 3,8% upp í 4,7%. Ólíkt hinum Norðurlöndunum, hafa innan við 5% barna þurft að glíma við fátækt á þessum fimm árum, en eins og komið hefur fram mæla Danir fátækt á annan hátt en hin Norðurlöndin. Svíþjóð er með hæsta hlutfall barnafátækta af Norðurlöndunum en nálægt 20% barna í Svíþjóð eiga á hættu að búa við fátækt. Hlutfallið hækkaði frá 18,4% upp í 19,3% á árunum 2015-2021. Eins og kemur fram er Ísland eina ríkið á Norðurlöndunum þar sem barnafátækt minnkaði á árunum 2015-2022. Hún fór úr 16% niður í 12,7%, en þó þarf að hafa í huga að barnafátækt á Íslandi jókst árið 2022, þá upp í 13,1% (Save the children, 2023). Norðurlöndin hafa ýmis ráð til þess að reyna að koma í veg fyrir að börn verði fyrir áhrifum fátækta. Þau veita barnafjölskyldum ýmsa styrki og afslætti og með þessum styrkjum er líklegra að börn fái að taka þátt í ýmsum athöfnum og hafi aðgang að ýmsum vörum, þótt þau búi við fátækt. Einn af þeim styrkjum, og án efa sá veigamesti, eru barnabætur (Þóra Kristín Þórsdóttir, 2022).

3.1 Barnabótakerfið á Norðurlöndum

Öll Norðurlöndin veita foreldrum sem eru með börn á framfæri greiðslur til þess að létta undir með foreldrunum. Barnabætur eru eitt af þeim tækjum stjórnvalda sem hjálpa foreldrum fjárhagslega að veita börnum sínum gott líf. Markmið barnabóta er að reyna að koma í veg fyrir það að börn verði fyrir áhrif fátækta, vegna ýmissa neikvæðra áhrifa sem fátækt getur haft á líf barna; áhrifa sem mögulega geta verið

langvarandi. Barnabótakerfið er mismunandi milli landanna, þar sem þau öll eru með sín mismunandi markmið og menningu varðandi þessi málefni. Á Íslandi, í Noregi og Danmörku fá foreldrar greiddar barnabætur þangað til barn þeirra hefur náð 18 ára aldri, í Finnlandi er það 17 ára og í Svíþjóð eru það 16 ára. Danmörk er eina landið þar sem fjárhæð barnabóta fer eftir aldri barnsins, því yngra sem barnið er, því hærra eru barnabæturnar. Á hinum Norðurlöndunum fylgir sama fjárhæð öllum börnum, óháð aldri. Á Norðurlöndunum eru barnabæturnar annað hvort greiddar mánaðarlega eins og í Svíþjóð, Finnlandi og Noregi eða fjórða hvern mánuð, eins og á Íslandi og í Danmörku. Á Íslandi og í Danmörku eru barnabæturnar tekjutengdar (Kolbeinn Stefánsson, 2019).

4 Fátækt á Ísland

Eins og komið hefur fram er helst notast við tvenns konar hugtak þegar átt er við fátækt. Á Íslandi er algengara að notast við hugtakið afstæð fátæktarmörk. Ef tekjur einstaklings er undir meðaltekjupunkti samfélagsins sem hann býr í, er einstaklingurinn talinn vera í fátækt (Guðný Björk Eydal, 2006). Ýmsar skýrslur og tölulegar upplýsingar eru til um fátækt á Íslandi. Hagstofa Ísland birtir tölulegar upplýsingar um efnahag Íslendinga, og þar á meðal er sýnilegt hversu margir eru undir lágtekjumörkum hér á landi. Samkvæmt Hagstofu Íslands var lágtekjuhlutfall karla 9,2% og lágtekjuhlutfall kvenna 8,5% árið 2021 (Hagstofa Íslands, 2022).

Árið 2023 gaf stjórnarráð Íslands út skýrslu um fátækt á Íslandi.

Samkvæmt niðurstöðum rannsóknar stjórnarráðsins hefur dregið úr fátækt á seinustu 20 árum, eða um 1,8%. Fleiri eru undir lágtekjumörkum í aldurshópnum 18-24 ára og 25-34 ára árið 2020 heldur en árið 2000. Það eru einu aldurshóparnir sem hafa hækkað í hlutfalli þegar kemur að lágtekjumörkum, aðrir aldurshópar hafa annað hvort lækkað eða staðið í stað. Einnig sýna niðurstöður Stjórnarráðsins að lágtekjuhlutfall er hæst á Suðurnesjum. Einstæðir foreldrar, öryrkjar og innflytjendur eru þeir hópar sem eru líklegastir til að lenda í fátækt (forsætisráðuneytið, 2023).

Mikill kostnaður hjá hinu opinbera fer í að reyna að draga úr fátækt og í það að styðja fjölskyldur sem búa undir fátæktarmörkum. Áætlaður kostnaður sem fer í að hjálpa fjölskyldum undir lágtekjumörkum var um 72 milljónir króna árið 2020. Þessi kostnaður fer í að hjálpa barnafjölskyldum, börnum einstæðra foreldra, öryrkjum, innflytjendum, innflytjendum með börn og eldri borgurum til að ná upp í ráðstöfunartekjur. Um það bil 34 þúsund fjölskyldur bjuggu undir lágtekjumörkum árið 2020. Eins og sést á listanum, eru margir þeirra einstaklinga sem fá hjálp frá hinu opinbera undir lögaldri. Fátækt getur haft mikil áhrif á farsæld barna og skiptir því höfuðmáli að reynt sé að koma börnum frá fátækt áður en fátæktin hefur skaðleg áhrif á þau (Forsætisráðuneytið, 2023).

4.1 Barnafátækt á Íslandi

Þó að rannsóknir sýni fram á að dregið hafi úr fátækt á Íslandi, sýna niðurstöður að barnafátækt á Íslandi hefur aukist. Samkvæmt nýrri skýrslu Evrópuhóps Barnaheilla bjuggu um 10.000 börn á Íslandi við fátækt árið 2023 eða 13,1% barna. Árið áður bjuggu 12,7% barna á Íslandi við fátækt. Þessar niðurstöður má meðal annars rekja til verðbólgunnar hér á landi, verðbólgan fór úr 4,3% í byrjun 2022 í u.þ.b. 10% í febrúar árið 2023. Á sama tíma hækkuðu vextir í landinu umtalsvert og þar með jókst greiðslubyrði íslenskra fjölskyldna af húsnæðislánum. Einnig hækkaði leiguverð í landinu og allur framfærslukostnaður (Barnaheill, 2023). Það á við mörg Evrópulönd að börn séu líklegri en fullorðnir til að búa við fátækt, en það á ekki við flest Norðurlöndin. Ísland er eina landið af Norðurlöndunum þar sem börn er í meiri hættu en fullornir að lifa í fátækt (Barnaheill, e.d) ástæða á bak við það er meðal annars að skortur á menntun, en meðaltal brottfalls úr námi er ellefu prósent.

Hlutfall barna sem býr á heimilum undir lágtekjumörkum er breytilegt eftir aldri. Árið 2004-2020 var lágtekjuhlutfallið hæst í yngsta aldurshópnum, þ.e. börn á aldrinum 0-5 ára en var hæst hjá 6-11 ára börnum árið 2021. Árið 2021 bjuggu 14,7% barna á aldrinum 6-11 á heimilum undir lágtekjumörkum, á meðan 13,4% barna á aldrinum 0-5 ára og 11,5% barna á aldrinum 12-17 ára bjuggu á heimilum undir lágtekjumörkum. Taka þarf fram að að jafnaði eiga yngri börn yngri foreldra. Yngri foreldrar eru yfirleitt með lægri tekjur (Hagstofa Íslands, 2022). Þeir hópar af börnum á Íslandi sem eru sérstaklega viðkvæmir fyrir því að lenda í fátækt eru börn einstæðra foreldra, börn foreldra með lágur tekjur, fötluð börn, börn foreldra á

örorkubótum, flóttabörn og börn sem búa við erfiðar félagslegar aðstæður (Barnaheill, 2023).

Tölulegar upplýsingar Hagstofunnar sýna að það er tenging á milli menntunar foreldra og lágtekjuhlutfalls barna á Íslandi. Árið 2021 var lágtekjuhlutfall barna tvöfalt lægra hjá börnum sem áttu foreldra með háskólamenntun en hjá börnum sem áttu foreldra sem ekki voru með háskólamenntun, eða 19,4% samanborið við 10,3%. Þegar horft er á hlutfall barna sem búa á heimilum undir lágtekjumörkum, sést að árið 2021 bjuggu 12,2% barna á höfuðborgarsvæðinu á heimilum undir lágtekjumörkum samanborið við 15,8% barna utan höfuðborgarsvæðisins. Ef horft er á tölulegar upplýsingar frá árum áður í sambandi við hlutfall barna sem búa á heimilum undir lágtekjumörkum á höfuðborgarsvæðinu, hefur hlutfallið ekki verið hærra síðan árið 2010. Lengi hafa börn fyrir utan höfuðborgarsvæðið verið líklegri til að skorta efnahagsleg gæði en árið 2021 var munurinn mjög mikill, 8,6% barna fyrir utan höfuðborgarsvæðið bjuggu við efnahagslegan skort samanborið við 1,9% barna á höfuðborgarsvæðinu (Hagstofa Íslands, 2022).

Staða fjölskyldna á húsnæðismarkaðinum segir margt varðandi félagslega velferð þeirra. Árið 2021 var lágtekjuhlutfall barna sem tilheyra fjölskyldu sem býr í eigin húsnæði 12,3%, aftur á móti var lágtekjuhlutfall bara sem tilheyra fjölskyldu sem býr í leiguhúsnæði 20,5%. Árið 2021 voru börn sem búa á leigumarkaði meira en helmingi líklegri til að búa við efnahagslegan skort en börn sem búa í eigin húsnæði, 8,2% samanborið við 3,6% (Hagstofa Íslands, 2022). Íslensk stjórnvöld nota styrki og bætur til að reyna að koma í veg fyrir að börn frá fátækum fjölskyldum verði fyrir áhrifum fátæktar. Barnabætur eru ætlaðar einstaklingum með íslenskan ríkisborgararétt með börn á framfæri til 18 ára aldurs (Ísland.is, e.d.). Síðan eru til ýmis samtök sem reyna að aðstoða fjölskyldur fjárhagslega. Hjálparstarf kirkjunnar hefur til dæmis styrkt fátækar barnafjölskyldur. Í byrjun skólaárs gefur Hjálparstarf kirkjunnar börnum nýjar skólatöskur, nestisbox, ritföng og einnig íprótta- og vetrarfátnað þeim sem þurfa á því að halda. Hjálparstarf kirkjunnar styrkir einnig börn sem eru í menntaskóla (Styrkja.is, e.d.). En þó að styrkir og bætur hjálpi barnafjölskyldum mikið, nær hjálpin bara upp að vissu marki. Staða og tækifæri barna fer að mestu leyti eftir fjárhagsstöðu foreldra (UNICEF, e.d.).

Oft hefur verið skorað á íslensk stjórnvöld að útrýma barnafátækt. Til þess að það gerist þarf margt að eiga sér stað. Árið 2023 færði Barnaheill Katrínu Jakobsdóttir forsætisráðherra undirskriftalista þar sem skorað var á stjórnvöld að útrýma barnafátækt fyrir árið 2030 (Agnar Már Másson, 2023).

Í áskoruninni kom meðal annars fram að það þurfi að sjá til þess að fjölskyldum undir lágtekjumörkum verði boðið upp á öruggt húsnæði, börn undir lögdaldi fái fría menntun og menntagögn. Gjaldfrjáls heilbrigðisþjónusta skuli vera fyrir börn með félagslegan og geðrænan vanda og að dregið verði úr kostnaði vegna íþrótt- og tómstundastarfs barna (Barnaheill, 2023).

5 Áhrif fátæktar á börn

Fátækt í augum barna er öðruvísi en í augum fullorðinna, og á sama tíma upplifa börn fátækt á annan hátt en fullorðnir einstaklingar. Mikilvægt er því að að rannsaka skilgreiningu og upplifun barna á fátækt svo við getum séð inn í hugarheim þeirra og komist að því hvernig þau upplifa samfélagið, stöðu sína og stöðu annars fólks í samfélaginu. Börn eiga rétt á að leyfa skoðunum sínum að heyrast þegar það kemur að samfélagslegum vandamálum eins og fátækt og er þekking þeirra dýrmæt og gefur mögulegar hugmyndir af lausnum (Elísa Kristinsdóttir og Hervör Alma Árnadóttir, 2023).

Niðurstöður erlendra rannsókna sýna að börn tengi fátækt fremur við skort á efnahagslegum gæðum fólks en félagsstöðu þess. Sem dæmi um efnahagsleg gæði í því sambandi má nefna klæði, húsnæði og mat. Þau telja að það sjáist á klæðnaði fólks ef það býr við fátækt. Ef fólk á lítið af fötum, gengur í slitnum eða óhreinum fötum, eru þau fátæk. Sama á við mat, ef vöntun er á mat á heimilinu er um að ræða fátækt. Og þau telja að fátæk börn þurfi stundum að sjá sér sjálf fyrir mat yfir daginn (Phiri og Abebe, 2016).

Einnig eru til rannsóknir sem benda til þess að börn sjái líka tengingu á milli og fátæktar og félagslegra tengsla (Jeans, 2007; Hervör Alma Árnadóttir og Soffía Hjördís Ólafsdóttir, 2019). Í meistaraaritgeð Cynthia Lisa Jeans (2007) rannsakaði hún fátækt í einu úthverfi í Reykjavík. Markmiðið var að rannsaka upplifun og viðhorf barna til fátæktar. Hún safnaði gögnum frá 206 börnum á aldrinum 10-12 ára. Niðurstöður sýndu að lítill hluti hópsins taldi sig búa við skort en samt vissu

flest barnanna af fátækt í umhverfi sínu. Niðurstöður sýndu að börn tengdu fátækt við skort á grunnþörfum en einnig tengdu þau fátækt við skort á félagslegum tengslum. Börnin hefðu áhuga á því að hjálpa fátækum börnum með því að gerast vinir þeirra og að stjórnvöld ættu að veita fátækum börnum fjölskyldu ef þess þyrfti (Jeans, 2007). Í rannsókn þeirra Soffíu og Hervarar (2019) voru tekin viðtöl við börn sem bjuggu á heimilum þar sem voru fjárhagserfiðleikar. Flest börnin sögðu að fjárskorturinn og skortur á efnislegum gæðum hefði í för með sér neikvæð áhrif á félagsleg tengsl þeirra við vini og fjölskyldu. Til dæmis áttu þau erfitt með að eignast vini og stunda reglulega tómstundir vegna þess að þau og fjölskylda þeirra fluttu svo oft á milli staða (Hervör Alma Árnadóttir og Soffía Hjördís Ólafsdóttir, 2019).

Í rannsókn Elísu Kristinsdóttur og Hervarar Ölmú Árnadóttur (2023), var markmiðið að kanna hvernig íslensk börn skilgreindu fátækt í umhverfi sínu. Spurningalisti var lagður fyrir 96 börn í 7. bekk í tveimur reykvískum skólum. Niðurstöður sýndu að langflest barnanna tengdu matarskort við fátækt, eða 80,2%. Sama á við þegar fólk skorti hlý og góð föt. Tæplega helmingur barnanna, eða 46,9%, taldi fólk búa við fátækt ef það ætti ekki sitt eigið heimili. Það að fólk hefði ekki efni á því að stunda tómstundir eða taka þátt í íþróttastarfi, var talin fátækt af 28,1% barnanna, 19,8% sögðu að fólk sem hefði ekki efni á fara í bíó eða á tónleika búi við fátækt. Fram kom að 37,5% barnanna töldu fólk búa við fátækt ef það ætti ekki fjölskyldu. Einungis 16,7% barnanna sögðu fólk búa við fátækt ef það ætti ekki vini. Það að geta ekki farið í vikuferðalag með fjölskyldu sinni var talið vera merki um fátækt samkvæmt 19,8% barnanna (Elísa Kristinsdóttir og Hervör Alma Árnadóttir, 2023). Samkvæmt þessum niðurstöðum horfa börn meira til algildar fátæktar heldur en afstæða fátæktar.

Börn skynja þegar fátækt er á heimilinu, þrátt fyrir það að foreldrar reyni sitt besta til að láta ekki fátæktina bitna á börnunum (Samstöðin, 2023). Rannsóknir hafa sýnt að börn allt niður í fimm ára aldur hafa skilning á fjárhagsstöðu heimilisins (Hazelbaker o.fl, 2018). Fjárhagsleg staða foreldra er líkleg til að hafa áhrif á börn þeirra og þar á meðal hvernig börnin upplifa sig í samfélaginu. Börn sem búa við fátækt eru líklegri til að finnast sem þau tilheyri ekki samfélaginu sem þau búa í. Kolbrún Þ. Pálsdóttir, Hermína Gunnþórsdóttir og Kolbeinn Hólmur Stefánsson (2021) rannsökuðu hvort félagslegir þættir hefðu áhrif á upplifun nemanda af því að tilheyra í skólakerfinu, svo sem kyn, fjárhagsstaða og erlendur uppruni. Rannsókn þeirra leiddi í ljós að samband er á milli upplifunar á fjárhag

foreldra og þess hvernig börn upplifa sig tilheyra skólasamfélaginu. Byggt var á gögnum úr fjölþjóðlegri rannsókn sem heitir Heilsa Og lífskjörn skólabarna (Health Behavior in School-Aged- Children) sem er sett er fyrir börn fjórða hvert ár í 50 löndum í Evrópu. Gögnin sem notuð voru í rannsókninni voru úr spurningakönnun frá árunum 2017-2018 sem var lögð fyrir börn í 6., 8. og 10. bekk á Íslandi. Niðurstöðurnar gáfu til kynna að börn sem upplifa fjárhag foreldra sinna góðan, upplifa sig frekar tilheyra skólasamfélaginu heldur en börn sem upplifa fjárhag foreldra sinna slæman. Einnig sýndu niðurstöður það að slæm fjárhagsstaða foreldra hafði mest áhrif á stúlkur og kynsegin börn hvað það varðar að tilheyra skólasamfélaginu, en drengir urðu síður fyrir áhrifum slæmrar fjárhagsstöðu foreldra sinna (Kolbrún, Hermína og Kolbeinn, 2021).

5.1 Andleg heilsa fátækra barna

Andleg heilsa felur í sér tilfinningalega, sálræna og félagslega vellíðan okkar. Staða andlegrar heilsu okkar hefur mikið að segja um viðhorf okkar gagnvart lífinu og einnig hvernig við lifum lífi okkar. Staða andlegrar heilsu okkar hefur áhrif á það hvernig við hugsum, högum okkur og hvernig við lifum okkar daglega lífi. Það að búa yfir góðri andlegri heilsu er að vera sáttur við sjálfan sig og umhverfi sitt, upplifa jafnvægi, öryggi, ánægju í lífi og umhverfi og hafa getu til að aðlagast breytilegum aðstæðum (Heilsuvera, 2023). Margs konar þættir geta haft áhrif á andlega heilsu okkar, svo sem, áföll, félagslegar aðstæður, lífnaðarhættir og jafnvel erfðir.

Til eru margar rannsóknir sem sýna fram á að fyrir börn að alast upp í fátækt getur haft verulega slæmar afleiðingar á andlega, félagslega og líkamlega heilsu þeirra. (Halldorsson o.fl., 2000; Knifton, og Inglis, 2020; Gupta o.fl., 2007). Rannsóknir hafa sýnt að því lengur sem fátæktin varir í lífi barns, því alvarlegri eru afleiðingarnar (Gupta, o.fl., 2007). Félagsleg einangrun er oft afleiðing fátæktar og hefur sem mikil áhrif á börnin. Börnum er oft neitað um margs konar félagslegar athafnir sem hafa kostnað í för með sér. Sem dæmi má nefna að fá að stunda ákveðnar tómsundur og íþróttir, fara í ferðalög og taka þátt í daglegum athöfnum með vinum sínum eftir skóla – eins og til dæmis að fara í bíó, á skauta eða á kaffihús. Þetta getur oft verið erfitt fyrir börnin og þau eiga það til að skammast sín vegna fjárhagsstöðu sinnar og fyrir það að geta ekki tekið þátt í sömu hlutum og jafnaldrar þeirra og því draga þau sig oft í hlé frá vinum sínum (Rauði kross Íslands, 2006).

Líkt og fyrir fullorðið fólk, er mikilvægt fyrir börn að upplifa sig eins og að þau séu hluti af samfélagi, t.d. í bekknum sínum eða í íþróttafélaginu sínu. Ef þau hafa ekki aðgang að sömu athöfnum og hlutum og börnin í kringum þau eru þau í hættu að verða útundan og upplifa sig þá eins og að þau séu ekki hluti af umhverfinu sínu. Þetta hefur í för með sér hættu á að þróa með sér lágt sjálfstraust, depurð og þunglyndi (Allen o.fl., 2022). Fólk er fljótt að dæma hvert annað fyrir útlit og lífsstíl, og þar eru börn engin undantekning. Börn sem klæðast ekki sömu fötum og eiga ekki sömu tæki og hinir krakkarnir í sama umhverfi, eru líklegri til að verða fyrir útilokun og/eða einelti að hálfu annarra barna (Kolbeinn Stefánsson, 2019).

Það að búa við fjárhagsleg vandamál hefur eitt og sér í för með sér alls konar áskoranir. Það að þurfa að hafa stöðugar áhyggjur af fjárhagsstöðu sinni, þurfa að hugsa stöðugt um hvernig ná skuli endum saman, getur valdið kvíða, streitu og þunglyndi (Davis og Mantler, 2004). Þó að flestir foreldrar reyni að setja þarfir barna sinna í fyrsta sæti, áður en þeir sinna sínum þörfum, svo sem að borða ekki fyrr en börnin eru södd, eru börn samt meðvituð um fjárhagsstöðuna á heimili sínu. Það getur verið erfitt fyrir börn að horfa upp á foreldra sína upplifa neikvæðar tilfinningar vegna fjárhagsvanda eða horfa upp á foreldra sína rífast vegna peningavandræða (Sutherland, 2014). Tilhugsunin um að geta ekki haft stjórn á eigin fjárhagsaðstæðum, eða hjálpað til á heimilinu fjárhagslega, getur valdið börnum kvíða og depurð (Hughes og Tucker, 2018). Rannsóknir hafa sýnt að foreldrar sem eru í peningavandræðum eru líklegri til að láta streitu sína bitna á börnum sínum en foreldrar sem búa ekki við peningavandræði (Valgerður Katrín Jónsdóttir, 2007).

Rannsóknir hafa líka sýnt að það er tenging á milli fátæktar og ofbeldis eða vanrækslu gagnvart börnum. Ofbeldi gegn börnum á sér margar birtingarmyndir. Það getur verið líkamlegt, andlegt og kynferðislegt. Eins og komið hefur fram, hafa fjárhagsvandræði áhrif á andlegu heilsu fólks og geta leitt af sér alls konar andlegar áskoranir eins og þunglyndi, streitu og kvíða. Á heimilum þar sem fjárhagsvandræði eru, er aukin hættu á að þar skapist streita – streita við tilhugsunina um að ná mögulega ekki endum saman, að geta ekki hlúð að sjálfum sér og fjölskyldu sinni og að þurfa að takmarka athafnir og vörur sem er talið sjálfsagt í samfélagi þeirra (Davis og Mantler, 2004). Börn sem búa á heimilum þar sem er mikil streita vegna fátæktar, eiga á hættu á að verða fyrir ofbeldi af hendi annarra á heimilinu, og eiga einnig á hættu að verða vitni að því þegar

fjölskyldumeðlimir beita hvert annað ofbeldi. Ástæðan er sú að streita vegna peningavandamála getur tekið sinn toll í sambandi foreldra. Þessar heimilisaðstæður geta haft veruleg neikvæð áhrif á heilsu og þroska barna (Bywaters, Skinner, Cooper, Kennedy og Malik, 2022).

Í rannsókn Buckner og féлага (2004) var markmiðið að komast að tengslum á milli upplifunar á ofbeldi og geðheilsu barna sem lifa í undir fátæktarmörkum. Tekin voru viðtöl við 95 börn á aldrinum 8-17 ára sem búa undir fátæktarmörkum. Niðurstaða rannsóknarinnar var sú að 62% barnanna höfðu upplifað allavega eina tegund af ofbeldi áður, annað hvort sem fórnarlömb, gerendur eða vitni. Niðurstöður sýndu merki um geðraskanir eins og kvíða og þunglyndi hjá öllum börnunum sem höfðu upplifað ofbeldi einhvern tímann á lífsleiðinni. Einnig sýndu niðurstöður að tengsl voru á milli hegðunarvandamála og upplifunar á ofbeldi. Loks sýndu niðurstöðurnar að upplifun á ofbeldi hafði alvarlegri áhrif á stelpur en stráka (Buckner, o.fl., 2004).

Í rannsókn þeirra Martins og féлага (2023) var kannað hvort lágtekjuforeldrar væru í meiri hættu að upplifa streitu gagnvart foreldrahlutverkinu, hvort lágtekjuforeldrar væru líklegri til að beita börn sín ofbeldi, og hvort að streita foreldra gæti aukið líkur á ofbeldi gegn börnum. Niðurstöður sýndu að foreldrar í lágtekjuhópi voru mun líklegri til að upplifa streitu vegna fátæktar og beita börn sín ofbeldi, miðað við foreldra í meðaltekju- og hátekjuhópi (Martins o.fl., 2023). Það að vera beittur ofbeldi að hálfu foreldra sinna í æsku, getur haft margs konar afleiðingar, svo sem kvíða, þunglyndi og hegðunarvandamál (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2002).

5.2 Líkamleg heilsa fátækra barna

Til þess að barn geti búið við góða líkamlega heilsu þarf barnið meðal annars aðgengi að næringarríku og hollu mataræði, að vera í kjörþyngd, stunda reglulega líkamlega hreyfingu og fá góðan nætursvefn (Ísland.is, e.d). Þegar barn býr við góða líkamlega heilsu dregur úr líkum á að það fái ýmsa sjúkdóma og eykur líkurnar á góðri heilsu á fullorðinsárum (Frahud, 2015). Ýmsar rannsóknir hafa sýnt að fjárhagsstaða fólks getur haft áhrif á líkamlegu heilsu fólks, og þar á meðal barna.

Matthías Halldórsson og félagar (1999) rannsókuðu tengsl milli félagshagfræðilega stöðu (e. Socioeconomic status) barna á Norðurlöndum og heilsu þeirra. (Halldorsson o.fl., 2000). Þegar talað er um félagshagfræðilega stöðu er átt við hvar einstaklingar standa samanborið við aðra einstaklinga í sama samfélagi, þegar kemur að t.d. auði, félagslegri stöðu og valdi. Þættir sem geta haft áhrif á félagshagfræðistöðu barna er t.d. menntun, starf og tekjur foreldra þeirra (Hauser og Warren, 1997).

Lögð var fram spurningakönnun fyrir slembiúrtak af foreldrum barna á aldrinum 2-17 ára á öllum Norðurlöndunum (Noregur, Svíþjóð, Ísland, Danmörk og Finnland). Spurt var út í menntun, starf og tekjur foreldra og síðan var spurt hvort börnin þjáðust af einum eða fleiri langvarandi sjúkdómum, svo sem sykursýki, sjón- eða heyrnarskerðingu, talgalla, flogaveiki, magasjúkdómum, astma, ofnæmi, exemi, líkamlegri fötlun, ofþyngd og ofvirkni; hvort þau þjáðust af líkamlegum sársauka eða væru vel undir meðalhæð jafnaldra sinna. Niðurstöður sýndu að því lögri tekjuflokki sem foreldrar barnanna voru í, því líklegri voru þau til að kjást við heilsufarsleg vandamál. Börn sem áttu foreldra sem tilheyrðu lægsta tekjuflokknum voru líklegust til að þjáast af langvarandi sjúkdómi, voru líklegri til að þjáast af líkamlegum sársauka og einnig líklegri til að vera undir meðalhæð. Algengasta heilsufarsvandamálið hjá þessum hópi var líkamlegur sársauki. Börn sem áttu foreldra í lægsta menntaflokknum voru einnig líklegri til að eiga við heilsufarsleg vandamál að stríða (Halldorsson o.fl., 2000).

Heilbriggt mataræði veitir börnum nauðsynleg næringarefni sem þau þurfa fyrir eðlilegan vöxt, heilaproska og yfir höfðuð heilbrigði (Ísland.is, e.d). Eins og komið hefur fram þurfa fátækar fjölskyldur oft að neita sér og fjölskyldu sinni um alls konar matvörur, eins og fisk og kjöt (Kveikur, 2020). Einnig hafa sumir foreldrar ekki tök á því að greiða fyrir börnin sín heitan hádegismat í skólanum, en sá matur er yfirleitt hollur. Þessir þættir leiða til þess að börn á fátækum heimilum eru síður líkleg til að hafa aðgengi að hollum og næringarríkum mat (Valgerður Katrín Jónsdóttir, 2007).

Fyrir börn að hafa aðgengi að hollum og næringarríkum máltíðum eykur líkur á heilbrigðum matarvenjum til frambúðar (Ísland.is, e.d.) og dregur úr hættu á sjúkdómum eins og offitu, sykursýki og hjartasjúkdómum (Frahud, 2015). Næringarríkt mataræði hjálpar einnig börnum með alls konar þætti í daglegu lífi, hefur góð áhrif á einbeitingu og námsárangur, félagsfærni og árangur í íþróttum, svo eitthvað sé nefnt (Malm o.fl., 2019).

Þó að fátæktin sjálf dragi ekki úr getu barna til að vera líkamlega virk, minnkar fátækt samt líkurnar á því að börn hafi aðgengi að líkamlegum tómstundum. Þátttaka barna í íþróttum krefst gjalds eins og aðrar tómstundir og það gjald hafa ekki allir foreldrar efni á að greiða. Ársæll Már Arnarsson rannsakaði áhrif fjárhagsstöðu foreldra á íþróttaiðkun barna. Rannsókn hans leiddi í ljós að fjárhagsstaða hafði veruleg áhrif á það hvort börn stundi íþróttir og haldi áfram að stunda íþróttir á unglingsárum (Háskóli Íslands, e.d.).

5.3 Fátæk börn og tómstundir

Tómstundir má skilgreina sem þátttöku í tómstundastarfi, íþróttum eða listum sem eru á vegum félaga eða samtaka utan skólatíma (Amalía Björnsdóttir o.fl., 2009). Það að stunda tómstundir er mikilvægt fyrir hvern mann, og þar á meðal börn. Það að stunda tómstundir hefur í för með sér marga kosti fyrir börn. Sjálfstraust eykst, það dregur úr kvíða og þunglyndi, minnkar skjátímann og fyllir út dauðan tíma sem gæti annars leitt til frávikshegðunar (Ruskin og Sivan, 2002).

Börn sem lifa í fátækt hafa ekki sömu tækifæri til að rækta áhugamál sín og börn sem lifa ekki í fátækt. Margar tómstundir krefjast kostnaðar sem margir foreldrar hafa ekki tök á að borga. Í stað þess að finna sér tómstundir sem börnin hafa áhuga á, þurfa þau þá að finna sér áhugamál sem krefjast ekki mikils kostnaðar. Hafa þarf þó í huga að sum sveitarfélög greiða niður þáttökugjöld vegna íþrótt-, lista- og æskulýðsstarfsemi yngri íbúa sinna. Misjafnt er eftir sveitarfélögum hvaða reglur gilda um niðurgreiðslu (Ísland.is, e.d.). En þó að mörg sveitarfélög veiti heimilum sem kljást við fjárhagsvandamál styrk til að greiða niður þáttökugjald tómstunda barna, eru tómstundir samt sem áður kostnaðarsamar fyrir foreldra. Æfingabúnaður og ferðalög geta verið of mikill kostnaður fyrir fólk sem býr við fátækt (Alfa Aradóttir, Eygló Rúnarsdóttir og Hulda Valdís Valdimarsdóttir, 2017).

Rannsóknir benda til þess að efnahagslegur auður foreldra sé einn stærsti áhrifaþátturinn þegar kemur að reglulegri þátttöku barna í skipulögðu tómstundastarfi. Í meistararitgerð Lísbetar Lenu Gunnarsdóttur (2023) skoðaði hún hvort fjárhagur, samskipti, og stuðningur fjölskyldu hefði áhrif á þátttöku barna í tómstundastarfi í hópíþróttum, einstaklingsíþróttum og listnámi. Niðurstöður sýndu að marktæk áhrif voru á milli fátækta og þátttöku barna í tómstundastarfi en einnig þegar horft var til uppruna foreldra, bæði fyrir árin 2018 og 2022. Ef barn taldi sig

hafa það gott fjárhagslega jukust líkur á því að barn tæki reglulega þátt í skipulögðum tómstundum og sama á við um það ef barn átti foreldra sem báðir voru frá Íslandi. Þá var líklegra að barn tæki reglulega þátt í skipulögðum tómstundum (Lísbet Lena Gunnarsdóttir, 2023).

Eins og fram hefur komið eru tómstundir mikilvægar fyrir börn og hafa góð áhrif á þau bæði andlega og líkamlega. Á hinn bóginn geta börn, sem hafa ekki val um að stunda tómstundir í nærumhverfi sínu eins og önnur börn vegna fjárhagsvanda foreldra sinna, upplifað sig út undan. Einnig hafa börn sem stunda ekki tómstundir meiri frítíma en börn sem stunda tómstundir. Of mikill frítími getur leitt til hreyfingarleysis, einmanaleika, áhættuhegðunar og áfengis- og vímuefnaneyslu (Ruskin og Sival, 2002). Fyrir börn að hafa ekki aðgang á tómstundum vegna fjárhagsvanda er brot á mannréttindum þeirra, því samkvæmt 31. grein Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sem hefur verið lögfestur hér á landi, eiga börn rétt á hvíld, tómstundum, leikum og skemmtunum sem hæfa aldri þeirra – og til frjálsrar þátttöku í menningarlífi og listum.

5.4 Fátæk börn í skólakerfinu

Heimilisaðstæður geta haft mikil áhrif á námsárangur barna. Margir skólar ætlast til þess að börn skili inn heimanámi, og þurfa börn því að sinna námi heima hjá sér. Besta aðstaðan fyrir börn til að læra heima er þar sem er rólegt og lýsing góð. Fátæk heimili eru ólíklegri til að vera með hentuga lærdómsaðstöðu fyrir börn (Misheck, 2015). Rannsóknir sýna að börn sem stunda heimanám með hjálp foreldra eru líklegri til að ganga betur í skóla en börn sem fá ekki hjálp með heimanám. Rannsóknir hafa einnig sýnt að fátækt fólk er síður líklegt til að hjálpa börnum sínum með heimanám. Í rannsókn Misheck, þar sem hún rannsakaði yfir 600 foreldra úr mismunandi hverfum í Suður-Afríku, komst hún að því að börn sem fengu hjálp foreldra með heimavinnu sína voru líklegri til að ganga vel í skóla. Hún komst einnig að þeirri niðurstöðu að foreldrar sem voru í góðri efnahagslegri stöðu væru líklegri til að hjálpa börnum sínum með heimavinnu sína en foreldrar sem voru í slæmri efnahagslegri stöðu. Hún hélt því fram að það væri vegna þess að efnameiri foreldrar fengju meiri tíma en foreldrar sem væru fátækir, og einnig vegna þess að efnameiri foreldrar væru líklegri til að leggja meiri áherslu á það að börn sín sinntu námi sínu vel (Misheck, 2015). Einnig væru börn sem kæmu frá vel stöddum heimilum líklegri til að fá aðgang að úrræðum sem hjálpuðu þeim að

ganga betur í náminu, svo sem einkakennslu, fleiri bækur og meiri og betri tækni, svo eitthvað sé nefnt.

Börn frá fátækum heimilum eru líklegri til að þurfa fara fyrr út á vinnumarkaðinn. Oft er ætlast til þess að þau hjálpi til á heimilinu fjárhagslega séð eða sjái um sig sjálf fjárhagslega. Sýnt hefur verið fram á að það að vinna með skóla hefur neikvæð áhrif á námsárangur unginga og ungmenna. Börn sem vinna með skóla eru líklegri til að sofa minna og þar af leiðandi eru þau þreyttari í skólanum (Safron o.fl., 2001). Þau eru einnig líklegri til að hafa minni tíma til að vinna heimavinnuna sína eða undirbúa sig fyrir skólann (Marsh og Kleitman, 2005). Einnig sýna rannsóknir að börn sem vinna samhliða námi eru líklegri til að finna fyrir geðrænni vanlíðan en börn sem vinna ekki með námi (Læknablaðið, 2020).

Kennarar hafa völd til að leggja sitt af mörkum til að hjálpa nemendum sínum að ná árangri í námi, með því að skapa jákvætt og öruggt skólaumhverfi, hvetja til jákvæðrar hegðunar og veita nemendum sínum tækifæri á betra lífi. Kennarar sem sjá til þess að skólaumhverfi nemenda sinna sé þeim öruggt, auka líkurnar á því að nemendum líði vel í skólanum og jafnframt á því að nemendum gangi betur í námi. Margir kennarar segja að þegar börn koma frá fátækum heimilum sé akademískt gengi þeirra ekki alltaf sett í forgang heiman frá, og oft séu heimilisaðstæður óstöðugar. Þó að börn sem koma frá fátækum heimilum búi oft við erfiðar heimilisaðstæður og geti ekki sett skólann í fyrsta sæti, hafa rannsóknir sýnt að jákvætt og öruggt skólaumhverfi hefur jákvæð áhrif á námsárangur allra barna og á sama tíma á framtíð þeirra. Það að nemandi hafi allavega einn fullorðinn starfsmann innan skólaveggjanna, sem hann geti treyst á og starfsmaðurinn hafi trú á að nemandinn sé hæfur til að ná árangri í námi þrátt fyrir fjárhagslegu aðstæður fjölskyldu hans, hefur mjög mikla þýðingu. Rannsóknir sýna að ef kennarar hafa trú á nemendum sínum og að þeir hafi getu til að standa sig vel í námi, öðlast nemendur sjálfstraust og auka trú á getu sína til að standa sig vel í því sem þeir taka sér fyrir hendur (Sloan, 2019).

5.5 Langtímaafleiðingar fátæktar

Ýmsar rannsóknir hafa sýnt fram að fátækt í barnæsku hefur án vafa áhrif á fólk til frambúðar, hvort sem það er á heilsu þeirra, tækifæri og líkurnar á því að verða fátæk sjálf á fullorðinsaldri (Lawlor o.fl., 2011; Hughes og Tucker, 2018; Misheck, 2015).

Tölulegar upplýsingar Hagstofu Íslands sýna að það að búa undir lágtekjumörkum getur haft afleiðingar fyrir einstaklinga til lengri tíma. Þegar skoðaðar eru upplýsingar um börn á aldrinum 14-16 ára, sem bjuggu annað hvort undir eða yfir lágtekjumörkum, og hvernig þessir sömu einstaklingar síðan standa í samfélaginu 20 árum seinna, þá á aldrinum 34-36 ára, kemur ýmislegt athyglisvert í ljós. 14-16 ára unglingarnir, sem voru undir lágtekjumörkum árið 2000, voru ólíklegri til að til að útskrifast úr menntaskóla. 70% þeirra sem voru undir lágtekjumörkum árið 2000 voru útskrifuð úr menntaskóla á meðan 80,1% þeirra sem voru yfir lágtekjumörkum voru útskrifuð úr menntaskóla. Börn sem voru undir lágtekjumörkum árið 2000 eru enn ólíklegri til að klára háskólanám, og munar um 18% á hópunum. Einnig kom fram að hópurnir sem voru undir lágtekjumörkum árið 2000 var líklegri til að búa enn undir fátæktarmörkum, vera einstæðir foreldrar, fá skattskyldar greiðslur frá ríkinu, eða vera látin 20 árum seinna (Forsætisráðuneytið, 2023.)

Eins og kemur fram hér að ofan, hefur fátækt áhrif á líkamlegu heilsu barna. Áhrifin geta verið langvarandi og fylgt einstaklingum til fullorðinsára. Fólk sem elst upp í fátækt er líklegra til að þróa með sér alls konar sjúkdóma. Í breskri rannsókn voru menn frá Skotlandi rannsakaðir og hvernig efnahagsleg staða þeirra í barnæsku hafði áhrif á heilsu þeirra á fullorðinsárum. Niðurstaðan var sú að mennirnir sem áttu foreldra í lægstu stéttunum voru líklegri til að þróa með sér hjartasjúkdóma, öndunarfærasjúkdóma, krabbamein, eins og maga- og lungnakrabbamein (Smith o.fl., 1998). Í annarri rannsókn sem gerð var á breskum konum var niðurstaðan sú að því lægri stétt sem faðir þeirra tilheyrði, því líklegri voru þær til að þróa með sér kransæðasjúkdóm (Lawlor o.fl., 2011). Í bandarískri rannsókn kemur fram að fólk sem ólst upp í fátækt er líklegra til að enda með sykursýki 2 á fullorðinsárum (Maty o.fl., 2008).

Eins og komið hefur fram, gera börn sér grein fyrir fjárhagsstöðu heimilis síns og getur slæm fjárhagsstaða fjölskyldu haft neikvæð áhrif á andlega líðan

barna. Þau geta fundið fyrir streitu, kvíða vegna fjárhagsvandamála heimilisins, við að horfa upp á foreldra sína kljást við fjárhagskvíða (Sutherland, 2014). Þunglyndi og lágt sjálfstraust getur einnig fylgt því að vera félagslega útilokuð eða strítt fyrir það að hafa ekki aðgang að sömu hlutum og athöfnum eins og tómsundum og menningarlegri þátttöku, eins og aðrir krakkar í umhverfi þeirra (Ruskin og Sivan, 2002). Það að barn þurfi að upplifa þessa hluti getur haft neikvæð og langvarandi áhrif á andlegu heilsu einstaklinga á fullorðinsárum. Rannsóknir hafa sýnt fram á að fólk sem elst upp í fátækt er líklegra til að upplifa þunglyndi, kvíða og áfallastreituröskun á fullorðinsaldri, og er einnig líklegra til að misnota áfengi og eiturlyf (Hughes og Tucker, 2018).

Börn sem alast upp í fátækt eru síður líkleg til að ganga vel í námi og einnig ólíklegri til að fara í í áframhaldandi nám (Misheck, 2015; Forsætisráðuneytið, 2023.) Fólk sem fer ekki í áframhaldandi nám, hefur ekki sömu atvinnutækifæri og menntað fólk og því líklegri til að þurfa að sætta sig við láglau nastörf á fullorðinsaldri (Stryzhak, 2020). Fólk sem fer ekki í áframhaldandi nám er einnig líklegra til að vera undir lágtekjumörkum (Hagstofa Íslands, 2022). Þetta þýðir einfaldlega að fólk sem elst upp í fátækt er líklegra til að verða fátæk sjálft á fullorðinsaldri.

Lokaorð

Markmiðið með þessar ritgerð er að skoða og varpa ljósi á fátækt barna og afleiðingar hennar. Farið var yfir stöðu fátækra barna á Íslandi og á hinum Norðurlöndunum, hvers konar áhrif fátækt hefur á börn og hvort um langvarandi afleiðingar sé að ræða. Komist var að því að fátækt kemur í veg fyrir að börn fái að njóta ýmissa athafna, svo sem rækta áhugamál sín og taka þátt í menningarlífi. Í Barnasáttmálanum eru greinar sem heita því að börnum skulu ekki vera mismunað vegna fjárhagstöðu sinnar, og er því verið að brjóta á mannréttindum barna.

Þegar horft er til stöðu barnafátækta á Íslandi og öðrum Norðurlöndum er margt sem kemur í ljós. Prósentuhlutfall barna á Norðurlöndum sem eiga á hættu að búa við fátækt eða félagslega einangrun er frá 5-19%, hún er hæst í Svíþjóð og lægst í Danmörku. Barnafátækt jókst á öllum Norðurlöndunum frá árinu 2015-

2021, nema á Íslandi, samt sem áður jókst hún á Íslandi árið 2022. Ísland er eina landið þar sem börn eru í meiri hættu en fullorðnir að lifa í fátækt.

Miðað við tölur Hagstofunnar eru tengsl á milli hjúskaparstöðu, menntunar, húsnæðisaðstöðu, tekna og uppruna foreldra og fjárhagsstöðu barna. Áhugavert var að komast að því að börn á landsbyggðinni eru líklegri en börn á höfuðborgarsvæðinu til að lifa í fátækt og auk þess mun líklegri til að lifa við efnahagslegan skort. Hlutfall barna sem búa undir lágtekjumörkum er mishár eftir aldri. Aldurshópurinn 6-11 ára er líklegastur til að búa á heimilum sem er undir lágtekjumörkum, eða um 14,7%. Fátækt hefur áhrif á heilsu barna, og eru áhrifin bæði andleg og líkamleg. Félagsleg einangrun er ein af afleiðingum fátæktar sem hefur mest áhrif á andlegu heilsu barnanna, þar sem þátttaka í menningarlífi krefst oftast gjalds. Börn upplifa sig oft útundan og skammast sín fyrir efnahagsstöðu sína. Líkur eru á útilokun og einelti af hálfu annarra barna í umhverfi þeirra. Einnig hefur verið sýnt fram á að ef ofbeldi er á heimilum þar sem peningavandræði eru, eru meiri líkur á ofbeldi gegn börnum. Fátæk börn fá síður aðgang að heilbrigðu og næringarríku mataræði og á sama tíma síður aðgengi að líkamlegum tómstundum. Rannsóknir sýna einnig að því lægri stétt sem börn tilheyra því líklegri eru þau til að þjást að líkamlegum kvillum, eins og langvarandi sjúkdómi eða vera undir meðalhæð jafnaldra sinna. Fátæk börn eru ólíklegri til að ganga vel í námi. Það er vegna þess að þau fá síður tækifæri til að sinna námi sínu vegna fjárhagsstöðu sinnar, þau fá síður hjálp frá foreldrum og síður aðgang að úrræðum sem hjálpa þeim með námið, þau þurfa oft að fara fyrr út að vinnumarkaðinn, sem kemur í veg fyrir það að þau geti sinnt námi sínu eins og aðrir sem þurfa ekki að vinna með námi.

Þegar skoðaðar eru langvarandi afleiðingarnar fátæktar í barnæsku kemur ýmislegt í ljós. Hægt er að segja að fyrir barn að alast upp í fátækt hefur langvarandi afleiðingar í för með sér. Fjárhagskvíði, félagsleg útilokun og/eða einelti vegna fjárhagsstöðu í barnæsku getur leitt til þunglyndis, kvíða og áfallastreituröskunar. Ýmsir líkamlegir sjúkdómar eru líklegri hjá fullorðnu fólki sem ólst upp í fátækt svo sem hjarta- og kransæðasjúkdómar, öndunarfærasjúkdómar og ákveðin krabbamein. Loks er fólk sem elst upp í fátækt líklegra til að verða fátækt sjálf á fullorðinsaldri, þar sem það er ólíklegra til af fara í áframhaldandi nám og þarf því að sætta sig við lágláunastörf.

Heimildaskrá

- Agnar Már Másson. (2023,12. maí). *Vilja útrýma fátækt barna fyrir 2030*. MBL.
https://www.mbl.is/frettir/innlent/2023/05/12/vilja_utryma_fataekt_barna_fyrir_2030
- Alfa Aradóttir, Eygló Rúnarsdóttir og Hulda Valdís Valdimarsdóttir. (2017). *Frístundir og fagmennska: Rit um málefni nútímans*.
https://rafhladan.is/bitstream/handle/10802/15321/fristundir_og_fagmennska_utgafa.pdf?sequence=1
- Allen, K., Cordoba, B., Parks, A og Arslan, G,. (2022). Does Socioeconomic Status Moderate the Relationship Between School Belonging and School-Related factors in Australia? *Child Indicators Research*. (15) 1741-1759.
<https://link.springer.com/article/10.1007/s12187-022-09927-3>
- Amalía Björnsdóttir, Baldur Kristjánsson og Börkur Hansen. (2008). Námsáhugi nemenda í grunnskólum: Hver er hann að mati nemenda og foreldra? Hvernig breytist hann eftir aldri og kyni? *Tímarit um menntarannsóknir* (6), 7-26.
https://skemman.is/bitstream/1946/15126/1/1_amalia_baldur_borkur1.pdf
- Anton Örn Karlsson og Kolbeinn Stefánsson. (2016). *Sárafátækt*.
<https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/skyrslur2016/Skyrsla-um-sarafataekt-13.9.2016.pdf>
- Barnaheill. (2023, 6. mars). *Fátækt barna fer vaxandi. Hvorki stefna né áætlun um að uppræta fátækt á Íslandi*. <https://www.barnaheill.is/is/um-okkur/frettir/fataekt-barna-fer-vaxandi-hvorki-stefna-ne-aaetlun-er-til-a-islandi-um-ad-uppraeta-fataekt>
- Barnaheill. (e.d). *Fátækt*.
<https://www.barnaheill.is/is/starfid-okkar/gaetum-rettinda-barna/fataekt>
- Buckner, J. C., Beardslee, W. R., og Bassuk, E. L. (2011). Exposure to Violence and Low- Income Children's Mental Health: Direct, Moderated, and Mediated Relations. *American Journal of Orthopsychiatry*. 74(4), 413-423.
<https://pubmed.ncbi.nlm.nih.gov/15554803/>
- Bywaters, P., Skinner, G., Cooper, A., Kennedy, E. og Malik, A. (2022). *The Relationship Between Poverty and Child Abuse and Neglect: New Evidenc*.
<https://www.nuffieldfoundation.org/wp-content/uploads/2022/03/Full-report-relationship-between-poverty-child-abuse-and-neglect.pdf>
- Davis, C.G., og Mantler, J. (2004). *The Consequences of Financial Stress for Individuals, Families, and Society*. https://www.researchgate.net/profile/Janet-Mantler/publication/229052873_The_Consequences_of_Financial_Stress_for_Individuals_Families_and_Society/links/0c9605295f3d47acb9000000/The-Consequences-of-Financial-Stress-for-Individuals-Families-and-Society.pdf
- Elísa Kristinsdóttir og Hervör Alma Árnadóttir. (2023). Skilgreiningar reykvískra barna á fátækt. *Fagið og fræðin*, 17(1), 21-28. [HYps://felagsradgjof.is/wp-content/uploads/2023/04/Skilgreiningar-reykv%C3%ADskra-barna.pdf](https://felagsradgjof.is/wp-content/uploads/2023/04/Skilgreiningar-reykv%C3%ADskra-barna.pdf)
- Forsætisráðuneytið. (2023). *Fátækt og áætlaður samfélagslegur kostnaður*.
<https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Fatækt%20og%20aetlaður%20samfélagslegur%20kostnaður.pdf>

- Frahud, D.D. (2015). Impact of Lifestyle on Health. *Iranian journal of public health*, 44(11), 1442–1444. <https://www.ncbi.nlm.nih.gov/pmc/articles/PMC4703222>
- Freydís Jóna Freysteinsdóttir. (2002, 6. mars). *Hefur slæmt uppeldi (foreldrar hóta þér sífellt einhverju illu) áhrif á framtíð þína?* Vísindavefurinn <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=2158#>
- Guðný Björk Eydal. (2006, 22. maí). *Er fátækt á Íslandi? Hvað er afstæð fátækt?* Vísindavefurinn. <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=5960>
- Gupta, R.P., Wit, M.L, og McKeown, D. (2007). The impact of poverty on the current and future health status of children. *Paediatrics & Child Health*, 12(8). 667-672. <https://doi.org/10.1093/pch/12.8.667>
- Habitat of humanity. (e.d.). What is poverty? <https://www.habitatforhumanity.org.uk/blog/2018/09/relative-absolute-poverty/>
- Hagstofa Íslands. (2022). *Félagsvísar: Lágtekjumörk og skortur á efnislegum gæðum á meðal barna á Íslandi.* <https://hagstofas3bucket.hagstofa.is/hagstofan/media/public/2022/b0df960f-6d89-414c-88fd-9642a1ada2b4.pdf>
- Halldorsson, M., Kunst, A., Köhler, L., Mackenbach, J. (2000). Socioeconomic inequalities in the health of children and adolescents: A comparative study of the five Nordic countries. *European journal of public health*, 10(4), 201-288. <https://doi.org/10.1093/eurpub/10.4.281>
- Hauser, R., M og Warren, J., R. (1997). Socioeconomic Indexes for Occupations: A Review, Update, and Critique. (27), 177-298. *Sociological Methodology* <https://www.jstor.org/stable/271107>
- Hazelbaker, T., Griffin, K. M., Nenadal, L., og Mistry, R. S. (2018). Early elementary school children's conceptions of neighborhood social stratification and fairness. *Translational Issues in Psychological Science*, 4(2), 153–164. https://www.researchgate.net/publication/325914060_Early_elementary_school_children's_conceptions_of_neighborhood_social_stratification_and_fairness
- Háskóli Íslands. (e.d.). *Fjárhagur foreldra hefur áhrif á íþróttir.* https://www.hi.is/visindin/fjarhagur_foreldra_hefur_ahrif_a_ithrottir_barna
- Heilsuvera. (2023). *Hvað er góð geðheilsa?* <https://www.heilsuvera.is/efnisflokkar/lidan/vellidan/hvad-er-god-geðheilsa/>
- Hervör Alma Árnadóttir og Soffía Hjördís Ólafsdóttir. (2019). „Við eigum ekkert hús“ Reynsla og upplifun barna af því að búa við fátækt. *Tímarit félagsráðgjafa*, 1(13), 13– 20. <https://iris.rais.is/en/publications/við-eigum-ekkert-hús-reynsla-og-upplifun-barna-af-þv%C3%AD-að-búa-við->
- Hughes, M., og Tucker, W. (2018). Poverty as an Adverse Childhood Experience, *North Carolina Medical Journal*, 79(2), 124-126. <https://doi.org/10.18043/ncm.79.2.124>.
- Ísland.is. (e.d). *Barnabætur.* <https://island.is/barnabaetur>
- Ísland.is. (e.d). *Heilsa og vellíðan.* <https://island.is/vellidan>

- Jeans, C. (2007). *Child Poverty in Iceland: The Child's Perspective*. Reykjavík: University of Iceland Faculty of Social Sciences [meistara ritgerð]. Háskóli Íslands.
https://www.academia.edu/2074937/Child_poverty_in_Iceland_The_childs_perspective
- Kniffton, L., og Inglis, G. (2020). *Poverty and mental health: policy, practice and research implications*. *BJPsych Bulletin*, 44(5): 193–196. <https://doi.org/10.1192/bjb.2020.78>
- Kolbeinn Stefánsson. (2019). Barnabætur á Íslandi, í samanburði við hin Norðurlöndin. https://www.bsrb.is/static/files/Utgefid_efni/barnabaetur-a-islandi-i-samanburdi-vid-hin-nordurlondin-skyrsla-kolbeins-stefanssonar-fyrir-bsrb.pdf
- Kolbeinn Stefánsson. (2019). Börn einstæðra foreldra og öryrkja í viðkvæmri stöðu. Stéttskipt Ísland. 13-15.
https://www.asa.is/images/stories/Frettabref/AFL_Stettskipt_2019.pdf
- Kolbeinn Stefánsson. (2019). Lífskjör og fátækt barna á Ísland 2004-2016. https://www.stjornarradid.is/library/03-Verkefni/Felags--og-fjolskyldumal/Velferðarvaktir/Lifskjor_fataekt_barna_2004-16_28022019.pdf
- Kolbrún, Þ Pálsdóttir, Kolbeinn Hólmar Stefánsson og Hermína Gunnþórsdóttir. (2021). *Að tilheyrta í skólanum: Áhrifaþættir á upplifun grunnskólanema*.
https://netla.hi.is/serrit/2021/HBSC_ESPAD_rannsoknir/06.pdf
- Lawlor, D. A., Smith, G.D. og Ebrahim, S. (2004). *Association Between Childhood Socioeconomic Status and Coronary Heart Disease Risk Among Postmenopausal Women: Findings From the British Women's Heart and Health Study*.
<https://ajph.aphapublications.org/doi/full/10.2105/AJPH.94.8.1386>
- Lára Ómarsdóttir og Stefán Aðalsteinn Drengsson. „Svona er fátækt á Íslandi” Kveikur. Ríkisútvarpið. <https://www.ruv.is/kveikur/fataekt-a-islandi/>
- Lísbet Lena Gunnarsdóttir. (2023). Tómsundastarf barna: Fátækt og stuðningur sem áhrifaþættir. [Meistara ritgerð].
[HYPE://skemman.is/bitstream/1946/43044/6/LLG%20-%20MA%20ritgerd%20Loka.pdf](https://skemman.is/bitstream/1946/43044/6/LLG%20-%20MA%20ritgerd%20Loka.pdf)
- Lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013
- Malm, C., Jakobsson, J.I., og Isaksson, A. (2019). *Physical Activity and Sports—Real Health Benefits: A Review with Insight into the Public Health of Sweden*. 7(5), 127.
<https://www.ncbi.nlm.nih.gov/pmc/articles/PMC6572041/>
- Mannréttindastofa Íslands. (e.d.). *Geta mannréttindi dregið úr fátækt*.
<https://www.humanrights.is/is/spurningar-og-svor/geta-mannrettindi-dregid-ur-fataekt>
- Marsh., H. og Kleitman., S. (2005). Consequences of Employment during High School: Character Building, Subversion of Academic Goals, or a Threshold? *American educational research journal*, 42(2), 331–369. <https://journals.sagepub.com/doi/epdf/10.3102/00028312042002331>
- Martins, P. C., Matos, C. D. og Sani, A. I. (2023). *Parental stress and risk of child abuse: The role of socioeconomic status*. *Childrean and youth services review*.
<https://doi.org/10.1016/j.childyouth.2023.106879>

- Maty, S. C., Lynch, J. W., Raghunathan, T. E., og Kaplan, G. A. (2008). Childhood Socioeconomic Position, Gender, Adult Body Mass Index, and Incidence of Type 2 Diabetes Mellitus Over 34 Years in the Alameda County Study. *American journal of public health*, 98(8), 1486-1494.
<http://ajph.aphapublications.org/doi/pdf/10.2105/AJPH.2007.123653>
- Már Jónsson. (2012). *Fátækt á Íslandi*. Háskóli Íslands.
http://aldarafmaeli.hi.is/afmaeli/fataekt_a_islandi
- Misheck, N., (2015). Socio-economic factors affecting parents' involvement in homework: Practices and perceptions from eight Johannesburg public primary schools. *Perspectives in Education*, 33(3), 72-91.
<https://www.proquest.com/docview/1878358568/fulltextPDF/11992F85CBE54BF6PQ/1?accountid=135705>
- Norrænt samstarf. (e.d). *10 staðreyndir um norðurlöndin og norrænt samstarf*.
<https://www.norden.org/is/information/10-stadreyndir-um-nordurlond-og-norraent-samstarf>
- Norrænt samstarf. (2022). *Pushing back the push-back: Nordic Roadmap on advancing gender equality, women's and girls' rights, and equal rights of LGBTI-persons, 2022-2024*. <https://www.norden.org/en/declaration/pushing-back-push-back-nordic-roadmap-advancing-gender-equality-womens-and-girls-rights>
- Norrænt samstarf (e.d.). *Barnabætur á Íslandi*.
<https://www.norden.org/is/info-norden/barnabaetur-islandi>
- Norrænt samstarf. (e.d). *Norræna ráðherranefndin og börn og ungmenni*.
<https://www.norden.org/en/information/nordic-council-ministers-work-children-and-young-people>
- Norrænt samstarf. (e.d). *Stefna í félags- og velferðarmálum*
<https://www.norden.org/is/information/stefna-i-felags-og-velferdarmalum>
- Phiri, D. T. og Abebe, T. (2016). Suffering and thriving: Children's perspectives and interpretations of poverty and well-being in rural Zambia. *Childhood*, 23(3), 378–393. <https://doi:10.1177/0907568216637654>
- Rauði kross Íslands. (2006). *Hvar þrengir að? Könnun á stöðu þeirra sem minnst mega sín í íslensku samfélagi*
www.raudikrossinn.is/media/abld54k1/hvarthrengirat_06.pdf
- Ruskin, H. and Sivan, A. (2002) *Leisure Education in School Systems* Cosell Center for Physical Education, Leisure and Health Promotion, Magness Press, Hebrew University of Jerusalem.
- Safron, D., Bachman J., Schulenberg., J. (2001). *Part-Time Work and Hurried Adolescence: The Links among Work Intensity, Social Activities, Health Behaviors, and Substance Use*. *Journal of Health and Social Behavior*, 42(4), 425–449. <https://pubmed.ncbi.nlm.nih.gov/11831141/>
- Samstöðin.(2023, 4. maí). *Rauða borðið - Fátækt barna [myndband]*. Youtube.
<https://www.youtube.com/watch?v=hiTuiTclf5Q>

- Save the children. (2023). *Poverty in the Nordic countries*.
<https://www.barnaheill.is/static/files/poverty-in-the-nordic-countries.-final-report.-2023.pdf>
- Sloan, T. (2019). Supporting Students Living in Poverty. *BU Journal of Graduate Studies in Education*, 11(1). <https://files.eric.ed.gov/fulltext/EJ1230335.pdf>
- Smith, G., Hart, C., Blane, D., Hole, D. (1998)., Adverse socioeconomic conditions in childhood and cause specific adult mortality: prospective observational study. *BMJ*, 316(7145), 1631–1635. <https://www.ncbi.nlm.nih.gov/pmc/articles/PMC28561/>
- Stryzhak, O. (2020). The relationship between education, income, economic freedom and happiness. <https://doi.org/10.1051/shsconf/20207503004>
- Styrkja.is (e.d.). *Þú getur hjálpað með því að styrkja um upphæð að eigin vali*.
<https://www.styrkja.is/hjalparstarfid>
- Sutherland, A. (2014, 9. apríl). *How Parental Conflict Hurts Kids*.
<https://ifstudies.org/blog/how-parental-conflict-hurts-kids#:~:text=Conflict%20between%20parents%20harms%20kids,threats%2C%20s%20outing%2C%20and%20hitting.&text=In%20either%20case%2C%20children%20may,to%20parents%20as%20a%20result>
- Umboðsmaður barna. (e.d). *Sáttmáli Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins*.
<https://www.barn.is/barnasattmalinn/barnasattmali-sameinudu-thjodanna/>
- UNICEF.(e.d.). *Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna*.
[https://barnvaensveitarfelog.is/barnasattmalinn/barnasattmalin/United nation,](https://barnvaensveitarfelog.is/barnasattmalinn/barnasattmalin/United%20nation)
- Valgerður Katrín Jónsdóttir. (2007). Fátækt barna á Íslandi og áhrif á heilsufar. *Tímarit hjúkrunarfræðinga*. 83(4), 16-21. <https://core.ac.uk/download/38273232.pdf>
- Þingskjal nr. 1337/1996-1997. Skýrsla forsætisráðherra um þróun og umfang fátæktar á Íslandi, samkvæmt beiðni.
- Þóra Kristín Þórsdóttir. (2022, 1. október). *Barnabætur - íslenska kerfið í norrænu samhengi*. <https://www.bhm.is/greinar/barnabaetur>

